

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 29/2003

**Kvörtun Sumarbúðanna Ævintýralands yfir notkun
Rekstrarfélags Kringlunnar á orðinu Ævintýraland**

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 26. apríl 2002, kvarta Sumarbúðirnar Ævintýraland yfir notkun Rekstrarfélags Kringlunnar á orðinu Ævintýraland sem kvartandi telur brjóta í bága við 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Í bréfinu segir að málavextir séu þeir að árið 1998 hafi félagasamtökin Sumarbúðirnar Ævintýraland verið stofnuð. Reki þau sumarbúðir fyrir börn á aldrinum 7–14 ára að Reykjum í Hrútafirði. Þá sé fyrirhugað að hefja einhverja starfsemi á veturna. Hinn 2. október 2000 hafi nafnið Sumarbúðirnar Ævintýraland verið skráð sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu.

Haustið 2001 hafi Ævintýraland Kringlunnar opnað. Skömmu áður hafi kvartandi upplýst Rekstrarfélag Kringlunnar um skráningu vörumerkisins og í framhaldi af því hafi ítrekað verið óskað eftir að nafninu yrði breytt, en án árangurs. Forsvarsmáður Ævintýralands hefði talið að Rekstrarfélagið væri í fullum rétti til að nota nafnið og afar dýrt yrði að breyta því.

Í erindinu er því lýst að ýmis ruglingur hafi átt sér stað á milli aðilanna. Í byrjun árs 2002 hafi Ævintýraland auglýst námskeið í leiklist og hafi leiðbeinandi námskeiðsins verið sá sami og annaðist leiklistarnámskeið hjá Sumarbúðunum Ævintýralandi sumarið 2001. Hafi þetta valdið því að margir töldu námskeiðið vera á vegum Sumarbúðanna Ævintýralands. Þegar skráning hafi byrjað í Sumarbúðirnar Ævintýraland, vorið 2002, hafi mikið verið spurt hvort þær væru sama fyrirtæki og Ævintýraland í Kringlunni. Þá hafi ýmsir talið höfuðstöðvar sumarbúðanna vera í Kringlunni. Þá er bent á að ef slegið sé inn orðinu ævintýraland í leitarvél á Internetinu komi fyrst upp Ævintýraland og þar á eftir upplýsingar um Sumarbúðirnar Ævintýraland.

Með erindinu fylgdi skráning Einkaleyfastofu á orð- og myndmerkinu Sumarbúðirnar Ævintýraland.

2.

Samkeppnisstofnun sendi erindið, þann 29. apríl 2002, Rekstrarfélagi Kringlunnar til umsagnar. Svar barst með bréfi Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl., f.h. Rekstrarfélags Kringlunnar, dags. 21. maí 2002. Þar segir að Rekstrarfélagið telji ekki vera um ruglingshættu að ræða á starfsemi þeirra og kvartanda og að ekki séu lagaskilyrði fyrir hendi fyrir sérstökum afskiptum Samkeppnisstofnunar af máli þessu. Kvartandi hafi ekki einkarétt á orðinu ævintýraland. Skráð vörumerki nái fyrst og fremst til myndmerkisins. Rekstrarfélag Kringlunnar hafi valið orðið ævintýraland fyrir tiltekna starfsemi. Orðið eigi að höfða til þeirrar starfsemi sem þar fari fram sem sé gæsla barna. Sé það liður í þjónustu við viðskiptavinum Kringlunnar. Starfsemi kvartanda fari fram í allt öðrum landsfjórðungi og lúti að sumarbúðum fyrir börn.

Þá segir í bréfinu að viðurkennt sé í hugverka- og einkennarétti að einkaréttur til orða verði ekki veittur nema í þeim felist sérkenni og að slík orð hafi nægjanlegt aðgreiningarhæfi. Slíkt skorti í orðið ævintýraland sem sé orð sem lýsi vel starfsemi Ævintýralands í Kringlunni.

3.

Samkeppnisstofnun sendi framangreint bréf Rekstrarfélags Kringlunnar til Sumarbúðanna Ævintýralands með bréfi, dags. 29. maí 2002, og gaf frest til að koma að athugasemdum. Var það ítrekað með bréfi, dags. 9. júlí 2002. Svar Sumarbúðanna Ævintýralands er dagsett 28. ágúst 2002.

Þar er ítrekað að Sumarbúðirnar Ævintýraland hafi orðið fyrir umtalsverðum óþægindum vegna notkunar Kringlunnar á nafninu Ævintýraland. Enn er bent á fyrrgreint leiklistarnámskeið Ævintýralands sem valdið hafi ruglingi. Þá segir að ef hringt sé í upplýsingasíma Landssímans 118 og spurt um símanúmer Ævintýralands sé spurt hvort átt sé við Ævintýraland í Kringlunni. Þeir sem ekki viti heimilisfang skrifstofu Sumarbúðanna Ævintýralands í Reykjavík ruglist auðveldlega. Vorið 2002 hafi Sumarbúðirnar frétt af fjölda fólks sem talið hafi að skrifstofan væri í Kringlunni. Hafi það valdið óþægindum í skráningunni. Ítrekað er að þegar sótt var um vörumerki hjá Einkaleyfastofu hafi verið sagt að engum væri heimilt að nota nafnið ævintýraland í tengslum við barnastarf. Þá er bent á að þó svo sumarþúðirnar séu starfræktar í öðrum landshluta en Ævintýraland í Kringlunni þá hafi sumarþúðirnar lögheimili og skrifstofu í Reykjavík og hyggi á starfsemi fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu yfir vetrartímann.

4.

Bréf Sumarbúðanna Ævintýralands var sent Rekstrarfélagi Kringlunnar til umsagnar. Svárið er dagsett 24. september 2002. Þar er ítrekað það mat Rekstrarfélagsins að notkun félagsins á orðinu ævintýraland feli ekki í sér brot á 25. gr. samkeppnislaga.

Engin tengsl eða skörun sé með sumarbúðunum og lítilli gæslustarfsemi fyrir börn innan verslunarmiðstöðvarinnar Kringlunnar í skilningi samkeppnisréttar. Rekstrarfélagið standi ekki í nokkurri samkeppni við kvartanda. Þá er undirstrikuð sú skoðun að erindi Sumarbúðanna Ævintýralands sé ekki tækt til efnismeðferðar samkeppnisyfirvalda og beri að vísa því frá.

5.

Með bréfi, dags. 15. október 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfi til málsaðila, dags. 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

6.

Samkeppnisstofnun barst bréf frá Sumarbúðunum Ævintýralandi, dags. 27. apríl 2003, þar sem lýst var frekari ruglingi milli málsaðila. Þannig væri mikið hringt í sumarbúðirnar og spurt um verð á afmælisveislum, opnunartíma, týndum hlutum o.fl.

Bréfið var sent Rekstrarfélagi Kringlunnar til upplýsinga, þann 5. maí 2003. Með bréfi, dags. 13. maí 2003, er fullyrðingum um rugling mótmælt. Fullyrðingarnar séu ósannaðar og ekki studdar neinum gögnum. Þá er ítrekað að engin ruglingshætta sé með starfsemi í Kringlunni og sumarbúðunum í Hrótafirði.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Sumarbúðanna Ævintýralands er kvartað yfir notkun Rekstrarfélags Kringlunnar á orðinu Ævintýraland. Sumarbúðirnar Ævintýraland eru skráð félagasamtök og hafa þau einnig skráð heitið í myndrænni útfærslu sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu. Þá eiga sumarbúðirnar lénið sumarbudir.is. Rekstrarfélagið rekur barnagæslu fyrir viðskiptamenn Kringlunnar undir nafninu Ævintýraland sem að mati kvartanda skapar ruglingshættu og eru rakín dæmi því til stuðnings. Rekstrarfélag Kringlunnar telur að ekki sé um ruglingshættu að ræða. Engin tengsl eða skörun sé á milli aðilanna og starfsemin fari fram í mismunandi landshlutum. Skráð vörumerki kvartanda nái einungis til myndmerkis en ekki til orðsins Ævintýraland.

Í svörum Rekstrarfélags Kringlunnar er ítrekað tekið fram að mál þetta sé ekki tækt til meðferðar og ekki séu lagaskilyrði fyrir afskiptum samkeppnisyfirvalda af málinu án þess að þetta sé skýrt nánar. Samkeppnisráð vill af þessu tilefni taka fram að í 2. gr. samkeppnislaga segir að lögini taki til hvers konar atvinnustarfsemi, án tillits til þess hvort hún sé rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Þá segir í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga að frumvarpið taki til allrar atvinnustarfsemi sem fram fari gegn endurgjaldi. Samkeppnisráð tekur fram að þetta eigi við um þá starfsemi sem hér er um fjallað en bæði félagasamtökin Sumarbúðirnar Ævintýraland og Rekstrarfélag Kringlunnar reka starfsemi sína gegn endurgjaldi.

2.

Í erindinu er vísað til 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 en hún hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérköggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíðu 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Kvörtun Sumarbúðanna Ævintýralands snýr að notkun Rekstrarfélags Kringlunnar á orðinu Ævintýraland. Fram hefur komið að Sumarbúðirnar Ævintýraland fengu skráð hjá Einkaleyfastofu orð- og myndmerkið Sumarbúðirnar Ævintýraland ásamt m.a. teikningu af fjalli. Slík skráning felur í sér einkarétt á merkinu í heild í þeirri útfærslu sem það er skráð og lýst í Vörumerkjaskrá. Skráningin veitir þannig ekki einkarétt til notkunar einstakra hluta merkisins, s.s. orðsins Ævintýralands einu og sér. Rekstrarfélag Kringlunnar hefur notað orðið Ævintýraland fyrir barnagæslu en hefur ekki skráð heitið. Að mati samkeppnisráðs eiga því ákvæði 1. ml. 25. gr. við í máli

Þessu og ber þá að líta til þess hvort notkun Rekstrarfélags Kringlunnar á orðinu Ævintýraland gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Ljóst er að starfsemi beggja aðilanna snúa að börnum. Sumarbúðirnar Ævintýraland sinna börnum á aldrinum 7–14 ára. Starfsemin er í Hrutafirði og fer a.m.k. enn sem komið er eingöngu fram þar á sumrin. Skrifstofa sumarbúðanna og lögheimili er aftur á móti í Reykjavík. Eru sumarbúðirnar ætlaðar börnum til viku dvalar í senn. Skráning í sumarbúðirnar fer eðli málsins samkvæmt fram að vori og í byrjun sumars og tekur skamman tíma. Á þeim tíma er vakin athygli á starfseminni með auglýsingum þar sem tiltekið er hvar skráning fari fram.

Samkvæmt upplýsingum á vefsvæði Kringlunnar er starfsemi Ævintýralands ætluð 3–9 ára börnum. Ævintýraland er starfrækt allt árið og hefur þann tilgang að hafa ofan af fyrir börnum í hámark tvo tíma í senn á meðan forráðamenn barnanna sinna erindum í Kringlunni. Þá er einnig hægt að halda þar upp á afmæli barna.

Samkeppnisráð telur að telja megi að orðið ævintýraland sé almennt orð í íslensku. Þannig má finna dæmi um notkun orðsins allt aftur til ársins 1898 í tímaritunum *Eimreiðinni* og *Fjallkonunni*. Þá má einnig nefna að Víðistaðatún í Hafnarfirði er kynnt sem sannkallað ævintýraland fyrir börn og Tröllaskagi sem ævintýraland fyrir vélsleðafólk. Samkeppnisráð telur að gera megi ráð fyrir að ýmsir sjái ástæðu til að kenna starfsemi sína við land ævintýra. Þessi almenna skírskotun gerir það að verkum að mati samkeppnisráðs að Sumarbúðirnar Ævintýraland verði að hlíta því að aðrir notið orðið ævintýraland. Þá þarf einnig að hafa í huga að sú skráning orð- og myndmerkis sem Sumarbúðirnar Ævintýraland fengu hjá Einkaleyfastofu veitti sumarbúðunum ekki rétt til notkunar orðsins Ævintýralands einu og sér.

Í gögnum málsins hefur verið vísað til þess að ruglingur hafi átt sér stað á milli aðila. Þannig hafi margir haldið að leiklistarnámskeið í Ævintýralandi væri á vegum sumarbúðanna. Leitað væri upplýsinga til Sumarbúðanna Ævintýralands í stað Ævintýralands um týnda hluti og verð á afmælisveislum. Samkeppnisráð fær ekki séð rök fyrir öðru en að þessi ruglingur geti átt við rök að styðjast þó engin áþreifanleg gögn liggi fyrir þessu til stuðnings. Eðli málsins samkvæmt megi gera ráð fyrir að lík nöfn ekki alveg óskyldrar starfsemi leiði til einhvers ruglings milli aðila.

Samkeppnisráð fær þó ekki séð að tilvik þessi séu þess eðlis að ástæða sé til að banna Rekstrarfélagi Kringlunnar notkun almenna orðsins ævintýraland.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

III.
Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“